

Tillaga til 422. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 19. september 2018

Tillaga 186. fundar íþróttá- og tómstundanefndar um að fjármagn sem SFÍ hefur fengið í uppbyggingarsamningi 2018 og 2019 verði veitt í hönnun á skíðasvæðinu í Tungudal. Jafnframt leggur nefndin til að gerðir verði uppbyggingarsamningar við íþróttafélögin.

6. Uppbyggingarsamningar 2019 - 2018080049

Lagðar fram beiðnir íþróttafélaga um uppbyggingarsamninga og bréf frá SFÍ þar sem óskað er eftir að fjármagn það sem félagið hefur fengið í uppbyggingarsamningi 2018 og 2019 í Tungudal fari í hönnun á skíðasvæðinu.

Nefndin fagnar frumkvæði SFÍ og leggur til við bæjarstjórn að þeir fjármunir sem félagið hefur fengið loforð um til uppbyggingar í Tungudal fari í heildarhönnun á svæðinu. Nefndin tekur vel í óskir íþróttafélaganna um uppbyggingarsamninga og leggur til við bæjarstjórn að samið verði við félögin.